

Sáðmenn sandanna - Bók um 100 ára sögu landgræðslustarfs á Íslandi



Á aldarafmæli landgræðslu lítur Friðrik G. Olgeirsson sagnfræðingur yfir farinn veg og segir sögu sáðmanna sandanna og Landgræðslu ríkisins. Í bókinni er fjallað um hvernig brautin var rudd og sögð saga breytinga, uppbyggingar og árangurs. Um 260 ljósmyndir, teikningar og kort prýða bókina.

Sáðmenn sandanna var valin besta fræðibók ársins 2007 af Upplýsingu, Félagi bókasafns- og upplýsingafræða.

Útgefandi er Landgræðsla ríkisins. Bókin fæst nú á tiboðsverði, kr. 2.990 með sendingarkostnaði og er til sölu hjá Landgræðslu ríkisins, sími 488 3000, netfang land@land.is.

Héraðssetur Landgræðslunnar og starfsmenn sem sinna BGL verkefnum:

Hvanneyri	<i>Jóhannes B. Jónsson</i>	488 3048	856 0234
	<i>Björk Harðardóttir</i>	488 3047	856 0233
Hólar	<i>Bjarni Maronsson</i>	455 6372	856 0235
	<i>Stefán Skaftason</i>	464 1924	856 0237
Húsavík	<i>Daði Lange Friðriksson</i>	488 3045	856 0239
	<i>Sigurlína Tryggvadóttir</i>	488 3044	856 0236
Egilsstaðir	<i>Þorlákur P. Jónsson</i>		894 7744
	<i>Guðrún Schmidt</i>	471 2121	856 0240
Gunnarsholt	<i>Gústav Ásbjörnsson</i>	488 3039	896 1342
	<i>Garðar Þorfinnsson</i>	488 3040	897 3025
Starfsstöð í Árnesi	<i>Sigbrúður Jónsdóttir</i>	486 6123	856 0230
Starfsstöð á Höfn	<i>Grétar Már Þorkelsson</i>	470 8088	864 6487
Skrifstofa Landgræðslunnar Gunnarsholti		488 3000	

Héraðssetur Landgræðslunnar



Vefsíða
Landgræðslunnar:
www.land.is

BÆNDUR GRÆÐA LANDIÐ



Fréttabréf 2009

Ábm: Jóhannes B. Jónsson

Landgræðsla ríkisins

Bændur láta ekki deigan síga

Þátttaka í BGL hefur verið með besta móti þrátt fyrir miklar aðfangahækkanir. Á árinu 2008 voru skráðir þátttakendur 643 og af þeim voru 587 virkir, en aldrei hafa eins margir verið virkir innan verkefnisins. Þetta sýnir svart á hvítu að bændur telja uppgræðslu heimalanda þarft og mikilvægt verkefni. Þátttakendur dreifðu samtals 1.246 tonnum áburðar og sáð var tæpum 10 tonnum af grasfræi. Áætlað er að unnið hafi verið á um 6.000 hekturum lands.

Hækkun endurgreiðslu til þátttakenda

Í ljósi áburðarverðshækkana hefur Landgræðslan reynt að standa þéttan vörð um BGL verkefnið. Var markið sett á að halda 85% endurgreiðsluhlutfalli af heildarverði áburðar. Í stað 42.400 kr. á tonn árið 2008 fá þátttakendur nú 51.500 kr.

Magnaukningu frestað

Líkt og í fyrra verður magnaukningu á áburði til einstakra þátttakenda frestað og styrkur til hvers og eins árið 2009 verður miðaður við sama magn og árið 2008.

Nýr verkefnisstjóri

Um síðustu áramót tók Jóhannes B. Jónsson við starfi héraðsfulltrúa á Vesturlandi og Vestfjörðum, af Þórunni Pétursdóttur. Um leið tók hann við verkefnisstjórn BGL af Þórunni. Fyrirkomulag verkefnisins verður eftir sem áður með svipuðu sniði, enda er reynslan af því mjög góð. Þátttakendum er bent á heimasíðu Landgræðslunnar, www.land.is, en þar eru allar upplýsingar um verkefnið vistaðar.



Ásýnd uppgræðslusvæða

Eftir Guðrúnu Schmidt héraðsfulltrúa á Austurlandi

Margir landsmenn, ekki síst þið bændur, hafa unnið þrekvirki við uppgræðslu lands. Árangurinn sést víða. Rof hefur verið stöðvað og ógróið land er að breytast í gróið. Sum uppgræðslusvæði eru þannig stödd að plönturnar eru fölar og strjalar. Stundum heyrst sú skoðun að slík svæði líti illa út og að þau hafi jafnvel verið fallegri áður en til uppgræðslu kom. Þetta ástand er þó oftast tímabundið þar sem það tekur langan tíma að koma rofni og ógrónu landi í vistfræðilega heilbriggt ástand.

Unnið með náttúrulega ferla

Landgræðsla gengur út á að hjálpa náttúrunni að græða gróðursárin og endurheimta virkni og fyrri gerð raskaðra vistkerfa. Aðgerðir miða að því að herma eftir eða ýta undir náttúrulega ferla eins og framvindu (t.d. með því að örva sjálfgræðslu). Framvinda er margþætt ferli sem felur í sér breytingar á uppbyggingu, virkni og samsetningu vistkerfa, sem eiga sér stað með tíma.

Myndun gróðurhulu fyrsta skrefið

Á rofni og illa grónu landi hefur frjósamasti hluti jarðvegsins oftast fokið burt. Jarðvegurinn sem verður eftir er yfirleitt næringarsnauður og lélegur til vatnsmiðlunar. Uppgræðsla felur oft í sér að næringarástand jarðvegsins er bætt með áburðargjöf en það gerir plöntunum kleift að vaxa og dafna og gróðurhulu að myndast. Myndun hennar er fyrsta skrefið á langri leið að endanlegu takmarki, þ.e. myndun sjálfbærs vistkerfis með frjósómmum jarðvegi, góðri vatnsmiðlun og fjölbreyttu gróður- og dýralífi. Það tekur jafnvel áratugi að ná þessu markmiði.



Sina til góðs

Vegna aukins vaxtar gróðurs fellur til sina sem örverur brjóta niður. Við það koma næringarefni aftur inn í hringrásina og lífræni hluti jarðvegsins byggist upp. Í mörgum tilfellum myndast lífræn jarðvegsskán m.a. með mosum og fléttum sem skapar hagstæðar aðstæður fyrir landnám margra tegunda. Vegna betri aðstæðna geta með tímanum fleiri plöntur dafnað, meiri sina fellur til, meiri jarðvegur myndast og jarðvegsyfirborð verður stöðugra, s.s. að rof og frostlyfting minnka. Til að tryggja áframhaldandi framvindu þurfum við að passa vel upp á að lágmarka rask á uppgræðslusvæðum, forðast þarf ofbeitt eða traðk og grípa inn í með uppgræðsluáðgerðum ef náttúruleg áföll verða, t.d. mikill þurrkur, kuldi eða áfok.

Polinmæðisverk

Á meðan áburði er dreift á uppgræðslusvæði og framboð næringarefna er mikið, eru plöntur grænar. Jarðvegurinn er ennþá að þróast og ekki kominn með fulla starfsemi. Þegar áburðargjöf er hætt getur orðið tímabundinn skortur á næringarefnum og plönturnar fölna. Þetta lítur stundum út eins og um afturför sé að ræða en hér er aðeins verið að hætta eða minnka inngrip okkar í kerfið. Hins vegar hafa ferli breytinga hafist og þróunin er á réttri leið þó að það geti tekið langan tíma áður en virkni vistkerfa er endurheimt. Ýmislegt gott er að gerast í sverðinum sem hefur síðan varanleg áhrif á ásýnd svæðanna síðar meir. Höfum það í huga þegar við horfum yfir uppgræðslusvæði þar sem plöntur eru fölar og strjalar að í flestum tilvikum er um tímabundið ástand að ræða og að ásýndin breytist með tímanum.